



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss - sími: 486 6100 - kt. 540602-4410 - [skeidgnup@skeidgnup.is](mailto:skeidgnup@skeidgnup.is) - [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is)

Árnesi, 22.4.2024

Fundanúmer í WorkPoint : F202406-0026

## 6. Framkvæmdanefnd

<b>Fundartími:</b>	15:00 – 16:00
<b>Boðaðir:</b>	Gunnar Örn Marteinnsson; EXT Lilja Loftsdóttir
<b>Fundarstjóri:</b>	Haraldur Þór Jónsson
<b>Ritari:</b>	Haraldur Þór Jónsson
<b>Starfsmenn:</b>	Vilborg Ástráðsdóttir

### 1. Fara yfir stöðu verkefna hjá Envalys

Páll Líndal kemur inná fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og fer yfir stöðuna á vinnunni sem hefur átt sér stað frá síðasta fundi. Búið er að þróa skipulagið í Árnesi áfram og ljóst að hentugasta staðsetning íþróttamiðstöðvar sé sem næst Þjórsárskóla, samtengt og innangengt.

### 2. Fara yfir hönnun á íþróttamiðstöð

Farið yfir teikningar á íþróttahúsi og að búið sé að greina helstu rými sem þurfa að vera í húsinu. Eins og staðan er á núverandi teikningum þá er gert ráð fyrir að grunnflötur aðal hússins sé um 2.300 fermetrar, viðbygging fyrir tækjasal, áhaldageymslu og tæknirými sé 375 fermetrar og anddyri með lyftu og stigahúsi um 40fm. Samtals grunnflötur sé því um 2.720 fm, þar af er íþróttasalurinn 1.350fm. Efri hæð yfir hluta hússins verði 900fm og milliloft á viðbyggingu fyrir loftræstirými og geymslur sé um 300 fm. Heildar fermetra fjöldi verði því rúmum 3.900 fermetrar. Halda þarf áfram vinnu við að skilgreina innra skipulag betur.

### Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20.

*Deir fulltrúar sem voru á fundinum staðfesta fundargerðina með rafrænni undirritun.*

*Rafræn undirritun eftirfarandi fulltrúa í stjórn staðfestir að viðkomandi var ekki á fundinum en hefur kynnt sér fundargerðina:*